

## Útdráttur

Markmið verkefnisins er að skoða hvort fýsilegur kostur sé að stofna frumkvöðlafyrirtæki sem sérhæfir sig í mótöku og móvinnslu. Yfirlit er veitt yfir helstu kenningar sem komið hafa fram í frumkvöðla- og nýsköpunarfræðum og þær skoðaðar út frá viðfangsefninu. Farið er yfir kenningar um leiðandi notendur, en rannsóknir hafa sýnt að notendur eru oft fyrstir til að þróa frumgerð sem síðar verður árangursrík vara eða þjónusta. Ólíkar gerðir tengslaneta eru skoðaðar, sem og hvað gerir þær mikilvægar fyrir fyrirtæki.

Stiklað er á stóru í þróun hestamennsku á Íslandi. Farið er yfir þá menningu sem felst í hestamennsku og þeirri upplifun fólks að áhugamálið sé lífstíll. Fjallað er um undirburð og helstu reglugerðir með það að leiðarljósi að kynna fyrir lesandanum ólíkar tegundir undirburðar og eiginleika þeirra. Í lokin er fjallað um mýrlendi á Íslandi, sögu mótekju og helstu rannsóknir á mó.

Í síðasta hluta verkefnisins er gerð viðskiptaáætlun sem spannar fimm ár. Áætlunin byggir á þeirri hugmynd að sækja og framleiða íslenskan mó sem undirburð fyrir hesta. Viðskiptahugmyndinni eru gerð skil, sem og hvaða hugsun liggur að baki starfseminni og hver helstu markmið fyrirtækisins eru. Markaðsgreining er gerð, sem greinir markhópinn, samkeppnina og umhverfið. Að auki er framkvæmd markaðsrannsókn, sem samanstendur af spurningalista og skrifborðsrannsókn. Tilgangur rannsóknarinnar er að varpa ljósi á viðhorf og væntingar markhópsins til undirburðar. Fjallað er um framtíðarsýn og þau vaxtartækifæri sem standa fyrirtækinu til boða.

Starfsfólk, gildi og stjórnskipulag fyrirtækisins eru tíunduð. Í fjárhagsáætluninni er gerð grein fyrir helstu kostnaðarliðum fyrirtækisins, svo sem þróunarkostnað, tækjakaupum, búnaði og landleigu. Kaupa þarf vélar og tæki erlendis frá til að geta hafið framleiðslu, en því fylgir hár stofnkostnaður. Áætluð sala yfir tímabil er skoðuð. Auk þess eru helstu niðurstöður úr fjárhagsáætluninni teknar saman og gerð næmnistjarna til að greina helstu áhættuþætti. Í lokin er framkvæmdaráætlun kynnt, sem sett er á tímaás miðað við verkefni og áherslur.

## **Abstract**

The aim of the project is to see whether the creation and operation of a pioneering company, that specializes in peat farming and peat production, is a suitable option. The main theories of entrepreneurship and innovation studies are reviewed. The theory of Lead users is discussed, as studies have shown that it is often lead users that are the first to develop a prototype that becomes a success. Different kinds of networking are studied, as well as the reason for their importance to companies.

The development of horsemanship is briefly introduced, followed by a discussion on how it is perceived and what kind of culture it entails. This part of the project brings the concept of bedding into focus, including the regulatory framework. Furthermore, swamps in Iceland are discussed, and peat production and the main studies on peat are covered.

In the final part of the project, a business plan of 5 years is presented. The main idea behind the plan is to retrieve and produce Icelandic peat as bedding for horses. This part aims to clarify the idea and explain the goals and ambitions of the company, which implements the business plan. Market analysis on the target group, competition and environment, is made. In addition, a market research is carried out, consisting of a questionnaire and a desk research. The purpose of this research is to bring forward the attitudes and expectations of the target group towards the bedding. In addition, the vision and the growth opportunities, that are available to the company, are examined.

In addition to reviewing different aspects of the company, such as personnel, administration and business value, the main cost of the company is outlined in the budget. These include items such as development costs, purchase of equipment, and renting cost of equipment and land. It is necessary to buy machinery and equipment from abroad to start the production process, which results in a high initial cost. Estimated sales of the period are reviewed. In addition, a summary is given on the main results of the budget, and all the major risk factors are reviewed. Finally, a project plan is presented, which is put on a timescale according to projects and priorities.